

**Umsögn Leiklistarsambands Íslands um Þingskjal 202 — 199. mál. Frumvarp til sviðslistalaga.**

Reykjavík 9. nóvember 2012

**INNGANGUR**

Leiklistarsambandsins (LSI) fagna framkomnu frumvarpi til sviðslistalaga sem verið hefur í undirbúningi í Mennta- og menningarmálaráðuneyti undanfarið ár. LSI telur að margt horfi til framfara með framkomnu frumvarpi og fagnar mjög áhuga og vilja ráðherra menningarmála til að skapa sviðslistum sterkari skilyrði til vaxtar. Sérstök grein um óperustarfsemi er mikilvæg og væntir LSI þess að með því sé verið að renna styrkari stoðum undir vöxt þess þáttar í listgrein okkar, til framtíðar. Við fögnum þeim stuðningi við stofnun Kynningarmiðstöðvar íslenskra sviðslista sem felst í greinargerð frumvarpsins en LSI hefur sett miðstöðina í forgang og unnið að málefningu í samvinnu við ráðuneyti og Alþingi.

Leiklistarsambandið eru regnhlífarsamtök allra sviðslista í landinu og eiga þar fulltrúa allar sviðslistastofnanir landsins, öll fagfélög sviðslistafólks, Bandalag áhugaleikfélaga, Bandalag atvinnuleikhópa, SL, ýmsir sjálfstæðir leikhópar, hátíðir, sýningarstaðir og önnur samtök í sviðslistum. Sambandið endurspeglar því alla flóru sviðslista í landinu.

Félagar í Leiklistarsambandi Íslands hafa sýnt frumvarpi til sviðslistalaga mikinn áhuga enda eðlilegt þar sem um er að ræða löggjöf sem hefur bein áhrif á stefnumótun um og þróun listgreinarinnar til framtíðar. Stjórn sambandsins var beðin um álit á frumvarpinu sumarið 2011 og sendi hún frá sér athugasemdir varðandi einstakar greinar, í sínu nafni, en ekki alls sambandsins.

Var þar um að ræða greinar frumvarpsins sem stjórnin taldi varða heildarhagsmuni greinarinnar. S.I haust óskaði ráðuneyti mennta- og menningarmála eftir umsögn frá sviðslistafólki og skiluðu nær öll samtök, stofnanir, fagfélög sem og aðrir athugasemdum til ráðuneytisins í lok nóvember s.l. Mikil vinna var lögð í umsagnir og nýja tillögugerð að hálfu félagsmanna LSI og eru það nokkur vonbrigði hversu lítið af tillögum og hugmyndum þeirra rötudu í það frumvarp sem ráðherra menningarmála mælti fyrir á Alþingi nýverið, en það er þriðja útgáfa frumvarpsins sem félagar í LSI hafa fengið að sá.

Vinna sviðslistafólks nýtist þó nú og koma félagsmenn í LSI afar vel undirbúnir að því umsagnaferli allsherjar- og menntamálanefndar, sem nú er hafið.

Í jafn stórra atvinnugrein sem sviðslistir eru á Íslandi er eðlilegt að skiptar skoðanir séu um einstök ákvæði nýrrar lagasetningar.

Allir félagar Leiklistarsambandsins eru þó einhuga um eftirfarandi atriði og viljum við hér með koma vilja greinarinnar á framfæri við mennta- og menningarmálaráðherra og Allsherjarnefnd Alþingis.

## ATHUGASEMDIR VIÐ FRUMVARP

### ATHUGASEMD NR. 1

#### 5. grein frumvarps - Skipan Þjóðleikhúsráðs og 13 gr . frumvarps um Stjórn Íslenska dansflokksins.

Í fyrstu tveimur útgáfum frumvarps var lagt til að ráðherra skipi, án tilnefningar, þrjá af fimm ráðsmönnum Þjóðleikhúsráðs og Leiklistarsambandið tvo en þessu verði öfugt farið með stjórn Íslenska dansflokksins, þar sem ráðherra skipti einn stjórnarmann og LSI tvo.

Í nýrri útgáfu frumvarps hefur skipuðum fulltrúum LSÍ í báðum ráðum/stjórnnum verið fækkað – ráðherra skipi meirihluta fulltrúa, LSI minnihluta.

Leiklistarsamband Íslands er sammála um að fagfólk eigi að skipa stjórnir menningarstofnana og slíkt sé best tryggt með tilnefningu fagaðila, í þessu tilviki, Leiklistarsambands Íslands. Sú afstaða birtist í ályktun sambandsins frá 23. apríl 2012 um frumvarpið á því stigi málsins og var staðfest á aðalfundi sambandsins þann 22. október sl.

Ekki hafa fengist haldbærar skýringar á því hvers vegna ráðherra gerði þessar breytingar á frumvarpinu. Í því frumvarpi sem nú liggur fyrir er Leiklistarsambandi Íslands falin mikil ábyrgð og er í þeim fulltrúi alls sviðslistageirans og viðmælandi löggjafavalds, framkvæmdavalds og stjórnáslu. Það er því undarlegt að í þessari útgáfu frumvarpsins, sé dregið úr hlutverki og ábyrgð LSÍ í stjórn ÍD og Þjóðleikhússins.

Aðalfundur LSÍ 22. október ítrekaði þá afstöðu sína að brýnt væri að tryggja að meirihluti fulltrúa í Þjóðleikhúsráði og stjórn ÍD væri skipuð af Leiklistarsambandinu enda sé það breiðfylking allra þeirra sem starfa í sviðslistum

#### **Leiklistarsamband Íslands leggur til við Allsherjar og menntamálanefnd að þessu verði breytt þannig að sambandið tilnefni 3 fulltrúa í Þjóðleikhúsráð og 2 fulltrúa í stjórn Íslenska dansflokksins en ráðherra skipi aðra fulltrúa, án tilnefningar.**

Þess ber að geta að LSÍ hefur þegar samþykkt verklagsreglur um tilnefningar í nefndir, ráð og stjórnir þar sem:

Samráðsnefnd fagfélaga í Leiklistarsambandi Íslands er falið að annast undirbúning og framkvæmd tilnefninga í stjórnir og ráð , í samstarfi við stjórn LSI.

Samráðsnefnd vinnur eftir viðmiðunarreglum um val eintaklinga í ráð og stjórnir þar sem m.a. skal:

- gæta jafnræðis kynja með vísan til 15. greinar laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna,
- gera kröfu um fjölbreytta menntun, reynslu og fagþekkingu tilnefndra.
- gæta þess að tilnefndir aðilar hafi ekki persónulega hagsmuni að setu í stjórn/ráði né starfa hjá fyrirtæki eða stofnun sem er í beinni samkeppni við hlutaðeigandi sjóð/stofnun sem tilnefnt er til.
- óska eftir ábendingum allra félaga í Leiklistarsambandi Íslands um einstaklinga til setu í ráðum og stjórnnum.
- efna til kynningarfundar í samstarfi við stjórn LSI þar sem tilnefndir aðilar skulu kynna sig

og sýn sína á væntanleg störf í stjórnnum eða ráðum. Fundur skal opin öllu sviðslistafólki.

Með þessum verklagsreglum vill LSI undirbúa sig fyrir þá ábyrgð sem löggjafinn felur því og sýna fagmennsku í því hvernig fólk er valið til trúnaðarstarfa í sviðslistum.

## **ATHUGASEMD NR. 2**

### **IV. Kafli – Önnur sviðslistastarfsemi**

#### **Athugasemdir við 16.gr, 17.gr og 18. gr. frumvarps**

Sviðslistaráði er í *kafla IV. um aðra sviðslistastarfsemi* falin mikil völd; því ætlað vera til ráðgjafar um málefni sviðslista í heild, efla alþjóðlegt samstarf sviðslistafólks og stofnana og jafnframt að annast úthlutun styrkja úr sviðslistasjóði, til annarra en Þjóðleikhússins, Íslenska dansflokksins og vegna tímabundinna samninga við lögaðila félög og stofnanir til að skapa grundvöll fyrir reglubundinn óperuflutning.

Leiklistarsambands Íslands telur mjög varhugavert að fela einu ráði svo víðtækt hlutverk og fær ekki séð hvernig sátt mun ríkja um skipan og hlutverk ráðsins í sviðslistasamfélaginu, líkt og það er sett fram í frumvarpinu.

#### **Rök okkar eru:**

- Ráðgjöf um og efling listgreinarinnar í heild fer ekki saman við úthlutun fjár til annarra en tveggja stofnana. Með þeirri ráðstöfun væri útilokað að einstaklingar tengdir helstu sviðslistastofnunum gætu setið í ráðinu og unnið að ráðgjöf um málefni sviðslista, sem eðlilegt væri, því sjálfstæðir atvinnuleikhópar gætu aldrei sætt sig við að sömu einstaklingar væru að úthluta fé til starfsemi þeirra. Það er óásættanlegt fyrir stofnanir að enginn tengdur þeim sitji í ráði sem á að veita ráðherra ráðgjöf og setja fram tillögu, sem dæmi, að eflingu alþjóðastarfs stofnana.
- Leiklistarsambandið sinnir í dag samráði við stjórnvöld og leggur fram tillögur um eflingu listgreinarinnar. Í raun er í frumvarpinu lagt til að Sviðslistaráð taki við hlutverki LSÍ, gagnvart stjórnvöldum en að LSÍ skipi fjóra af fimm fulltrúum í ráðið. Niðurstaðan yrði tvöfalt kerfi, þar sem 4 fulltrúar LSÍ starfa í ráðinu en LSI sjálft, starfi þar til hliðar. Hér er verið að flækja samráð sviðslistafólks og stjórnvalda og draga úr heildarsamráði.
- 17. gr. frumvarpsins um hlutverk sviðslistaráðs er að flestu leyti samhljóða sambærilegri grein um myndlistaráð í frumvarpi að myndlistarlögum sem liggur fyrir Alþingi. Sömu hugsun má einnig finna í kvikmyndalögum og í frumvarpi um breytingar á lögum um bókmenntasjóð. LSI hefur skilning á að ráðherra menningarmála og Alþingi vilji beita sér fyrir löggjöf um listgreinar sem skapi þeim sambærileg lagaskilyrði en varar við því að “straumlínulaga” löggjöf án tillits til eðlis listgreina og stöðu á markaði.

#### **Tillaga LSI varðandi IV.kafla frumvarpsins er að:**

- Ráðgjöf, samráð, alþjóðleg kynning og önnur slík verkefni séu aðgreind frá fjárúthlutun til sjálfstætt starfandi sviðslistahópa á grunni umsókna.
- Leiklistarsamband Íslands verði samráðsvettvangur um sviðslistir sem veiti ráðgjöf um málefni sviðslista og standi að kynningu og alþjóða samstarfi með því að koma á fót Kynningarmiðstöð íslenskra sviðslista sem ástæða er til að tilgreina í lögnum, líkt og gert er í breytingatillögum við lög um Bókmenntasjóð, þar sem Miðstöð bókmennta er fundinn staður í lögum. Gríðarlega mikilvægt er að til verði miðstöð sem vinnur að hag allra hagsmunaaðila í sviðslistum – stofnana jafnt sem sjálfstæðra aðila og að hún eigi sér lagalega og stjórnsýslulega stöð. Slíkt er í anda þeirrar áherslu sem birtist í stefnu stjórnvalda um skapandi greinar og nýlegum rannsóknum um möguleika greinanna. Aðrar listgreinar njóta í dag slíkra miðstöðva og brýnt að nú þegar verði hafist handa við kynningu og markaðssókn sviðslista, með markvissum hætti og nýttur sá slagkraftur sem einstaka stofnanir og sjálfstæðir listamenn hafa sýnt, sérlega á alþjóðlegri grund.
- LSI telur að miðstöð sviðslista eigi að vera sjálfseignastofnun, með fulltrúaráð LSI að baki sér sem og tilnefnda fulltrúa stjórnsýslu, í stjórn hennar. Um það verkefni og önnur er svo eðlilegast að gerður verði samningur milli LSI og ráðuneytis mennta- og menningarmála.
- Úthlutun fjár til annarrar starfsemi verði á hendi stjórnar nýs sviðslistasjóðs og skýrt verði kveðið á um að sjóðurinn hafi heimild til þess að gera samninga við sjálfstæða sviðslistahópa, sviðslistahátíðir eða aðra lögaðila sem starfa í sviðslistageiranum, til fleiri en eins árs. Fyrir þessu er mikilvægt fordæmi með samningi um rekstur Hafnarfjarðarleikhússins, til margra ára.
- Skýrt verði kveðið á um að umsýslukostnaður verði ekki tekin af fjárframlögum til listrænnar starfsemi
- Ráðuneytum menningarmála og fjármála verði heimilt áfram, án aðkomu sviðslistaráðs, að gera beina samninga við atvinnusviðlistastofnanir líkt og tíðkast hefur t.d. við Íslensku óperuna, Leikfélag Reykjavíkur og Leikfélag Akureyrar.
- Orðalag vegna úthlutunar styrkja úr sviðslistasjóði bjóði uppá meiri sveigjanleika fyrir sjóðsstjórn til þess að breyta úthlutunum í samræmi við t.d. kvikmyndasjóð.

#### **ATHUGASEMD NR.3**

##### **Brotthvarf starfsemis áhugaleikfélaga úr frumvarpi.**

Milli 2. og 3. útgáfu frumvarps fell starfsemi áhugaleikfélaga út úr frumvarpinu. Rök í málflutningi menningaráðherra, er hún mælti fyrir frumvarpinu á Alþingi, voru þau að starfsemi áhugaleikfélaga ættu heima í menningarsamningum sveitarfélaga.

Áhugaleikfélög, um land allt, jafnt á höfuðborgarsvæði sem á landsbyggð eru afar mikilvægur þáttur allrar sviðslistastarfsemi í landinu. Félögin sinna gríðarlegu mikilvægu uppeldisstarfi í sviðslistum og lagði öflugt starf þeirra grunninn að atvinnumennsku í sviðslistum, á síðustu öld, og gerir enn. Brýnt er að starfsemi áhugaleikfélaga falli ekki út úr lögum um sviðslistir. Betur færi á að starfsemi áhugaleikfélaga fengi sérkafla í lögum enda um mikilvæga grasrótastarfsemi í sviðslistum að ræða og tekur LSÍ heilshugar undir eftirfarandi orð úr umsögn Bandalags Íslenskra leikfélaga frá 29.10. 2011 svohljóðandi:

**Alþingi veitir einnig árlega fé til starfsemi áhugaleikfélaga og Bandalags íslenskra leikfélaga.**

Leiklistarsamband Íslands vill að enn frekar verði hnekkt á hlutverki Bandalagsins þegar um fjárframlög til starfsemi áhugaleikfélaga ræðir með þessari viðbót:

**Stjórn Bandalag íslenskra leikfélaga gerir tillögu til ráðherra um úthlutun ráðstöfunarfjár til starfsemi áhugaleikfélaga. Í**

Sú afstaða til IV.kafla frumvarpsins sem hér birtist hefur komið mjög skýrt fram í allra umræðu í fulltrúaráði sambandsins síðastliðinn vetur og var eindregið ítrekuð á aðalfundi sambandsins nú í haust.

**LOKAORÐ**

Leiklistarsamband Íslands hefur starfað frá 1972 og á 40 ára afmæli á þessu ári. Framlag þess til stefnumótunar í sviðslistum og samráð við stjórnvöld hefur aukist mjög á undanförunum árum. Fulltrúaráð sambandsins vill eiga ríkt og gott samráð við stjórnvöld og telur að mikil tækifæri felist í eflingu greinarinnar fyrir íslenskt samfélag. Þar skiptir ekki síst máli erlend markaðssókn og kynningarstarf og er rétt að ítreka að félagar í LSI eru einhuga um að stofnun kynningarmiðstöðvar sé eitthvert brýnasta framfaraverkefnið í greininni. Gríðarlega mikilvægt er að unnið sé að erlendri kynningu og stefnumótun þvert á listgreinina, í þágu alls sviðslistafólks og stofnana, í trausti og einurð. Því er afar mikilvægt að úthlutun fjár til einstakra aðila, sé aðskilin frá öðrum hlutverkum.

Það er von Leiklistarsambandsins Íslands að umsögn þessari verði tekið sem mikilvægt innlegg í umræðu um nýja löggjöf um sviðslistir og lýsir sambandið sig reiðubúið til góðra samvinnu við stjórnvöld, ráðuneyti og Alþingi, um málefnið.

Reykjavík 9. nóvember 2012

Virðingarfyllt

f.h. Leiklistarsamband Íslands  
*Ása Richardsdóttir, forseti*

**Til upplýsingar:**

Leiklistarsamband Íslands (LSÍ) sem eru heildarsamtök sviðslista á Íslandi. Sambandið var stofnað árið 1972. Að baki því standa öll fagfélög þeirra starfsgreina er fást við sviðslistir ásamt sjálfstæðum leikhópum, sýningarstöðum, bandalögum og öllum stofnunum innan sviðslista á Íslandi. Sambandið endurspeglar alla flóru sviðslista í landinu. Forseti sambandsins er Ása Richardsdóttir, kosin á aðalfundi haustið 2009 og er hún talsmaður sambandsins út á við.